

## AUGLÝSING

### um viðauka við reglugerð nr. 40/1948 fyrir Rafveitu Akraness um tæknilega tengiskilmála fyrir rafmagnsveitur.

#### 1. gr.

Reglur um tæknilega tengiskilmála fyrir rafmagnsveitur sem staðfestar voru af iðnaðar-ráðuneytinu 25. september 1990 með reglugerð nr. 391, 25. september 1990 staðfestast hér með til að gilda fyrir Rafveitu Akraness að öðru leyti en því að 2. gr. orðist svo:

#### 2. Spenna og straumtegund.

##### 2.1. Lágspennudreifikerfi rafveitunnar er að jafnaði rekið með 50 riða þrífasa riðstraum á eftirfarandi hátt:

- \* Víða í eldri bæjarhlutum 220 V á milli fasa í þriggja leiðara dreifikerfum. Stefnt er að því að hækka spennuna í 230 V ekki síðar en á árinu 1995.
- \* Víðast hvar í bænum og í öllum nýrri hverfum hans 220 V á milli fasa og núllleiðara og 380 V á milli fasa í fjögurra leiðara dreifikerfum. Stefnt er að því að hækka spennuna í 230 V á milli fasa og núllleiðara og í 400 V á milli fasa ekki síðar en á árinu 1995.
- \* Stefnt er að því að leggja þriggja leiðara kerfið smám saman niður en leggja í þess stað fjögurra leiðara dreifikerfi eins og að framan getur.

##### 2.2. Veituspennan skal að jafnaði vera +/- 10% við heimtaugarúttak. Að lokinni fyrirhugaðri spennuhækkun og fram til ársins 2003 verða þessi spennufrávik + 6% og -10%.

##### 2.3. Við gerð virkja og val neyslutækja, sem tengjast 220 V þriggja leiðara dreifikerfinu, skal gert ráð fyrir að hægt sé að breyta þeim síðar fyrir tengingu við gildandi málspennu á fjögurra leiðara dreifikerfum.

##### 2.4. Um afhendingu á háspennu, að jafnaði 6 eða 11 kV eða annarri alþjóðlegri spennu, svo sem til háspennta rafskautskatla og mjög stórra iðnaðarhreyfla, skal fara eftir sérsamningi hverju sinni. Í samningi skal m.a. kveða á um gjald fyrir heimtaug, eignaraðild og fyrirkomulag hins háspennta búnaðar, þ.m.t. fyrirkomulag mælingar. Einnig skal gera samning um orkuviðskipti, þar sem kveðið er á um mestu afl- og orkuúttekt, rof og aðra stýringu, ef við á, orkuverð og árlega lágmarksgreiðslu og loks gildistíma samnings. Frá slíkum samningi skal gengið áður en kaup eru fest á tækjum og búnaði.

#### 2. gr.

Reglugerðarviðauki þessi um tæknilega tengiskilmála fyrir Rafveitu Akraness, sem bæjarstjórn Akraness hefur samþykkt, staðfestist hér með, skv. 24. gr. laga nr. 58/1967, sbr. 11. gr. reglugerðar nr. 40/1948 fyrir Rafveitu Akraness, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

*Iðnaðarráðuneytið, 12. mars 1991.*

F. h. r.

**Björn Friðfinnsson.**

*Guðrún Skúladóttir.*